

Viðauki 6. Umgengnisreglur

Reglur um umgengni hýsingaraðila í húsnæði Mílu ehf.

1. Þjónustusali og þjónustukaupi skulu ganga frá skriflegum samningi um hýsingu áður en framkvæmdir hefjast eða uppsetning búnaðar. Í samningi skal nánar kveðið á um öryggi, aðgengi og umgengni, til viðbótar þeim reglum sem fylgja hér að neðan.
2. Allar breytingar, sem þjónustukaupi kann að þurfa að gera í húsnæðinu vegna uppsetningar eða rekstar búnaðar, eru háðar samþykki þjónustusala. Þjónustukaupi ber allan kostnað sem hlýst af slíkum breytingum.
3. Þjónustusali og þjónustukaupi skulu að jafnaði einu sinni á ári halda sameiginlegan fund um umgengni og öryggi búnaðar. Þar skulu aðilar koma á framfæri ábendingum sínum varðandi bættu umgengni í húsum, öryggi búnaðar og fyrirhugaðar framkvæmdir eða breytingar.
4. Snyrtimennska skal ávallt höfð að leiðarljósi og skulu starfsmenn þjónustukaupa taka með sér jafn óðum allt rusl og annað sem til fellur vegna framkvæmda eða eftirlits.
5. Þjónustukaupi gæti ítrustu varúðar í umgengni þar sem búnaður annarra aðila er til staðar í húsunum.
6. Þjónustusali setur reglur um umgengni í tækjarými.
7. Þjónustukaupi skal taka mynd af uppsetningu og niðurtöku og senda á fasteignir@mila.is.
8. Þjónustukaupi hringir í vaktborð Mílu og lætur vita þegar komið er í og farið er úr tækjarými. Sími 585 6080.

Skilmálar Mílu um niðurtöku búnaðar í tækjarýmum Mílu.

1. Hætti þjónustukaupi rekstri búnaðar sem staðsettur er í tækjarými Mílu skal senda upplýsingar um uppsögn á hýsingu á netfangið sala@mila.is.
2. Uppsagnarfrestur er tilgreindur í leigusamningi.
3. Við niðurtöku búnaðar skal fjarlægja búnað ásamt fylgiefni sem tilheyrir búnaði, þar á meðal strengi, skápa, loftnet, loftnetsfestingar, raflagnir, tengigrindur, festingar.
4. Þjónustukaupi skal taka mynd af niðurtöku og senda á fasteignir@mila.is sem sönnun fyrir því að búnaður og það sem honum fylgir hafi verið fjarlægt úr rými. Ef mynd af niðurtöku berst ekki verður gjald tekið áfram fyrir hýsingu.

5. Loka þarf þeim götum á veggjum sem sérstaklega hafa verið gerð fyrir lagnir tengdum búnaði þjónustukaupa svo sem fyrir loftnetskpla. Götum á húsnæði Mílu skal loka í samráði við fasteignadeild Mílu.
6. Þegar uppsagnarfresti lýkur verður að vera búið að fjarlægja búnað og fylgiefni. Óheimilt er að skilja eftir niðurtekinn búnað.
7. Þjónustukaupi skal fjarlægja allt það rusl sem myndast við niðurtöku búnaðar hans.
8. Ef búnaður þjónustukaupa hefur ekki verið fjarlægður með öllu, eftir að uppsagnarfresti lýkur áskilur þjónustusali sér rétt til að innheimta fullt gjald fyrir hýsingu þangað til búnaður hefur verið fjarlægður.
9. Þjónustukaupa ber að sýna fram á niðurtöku búnaðar og fylgiefnis með fullnægjandi hætti, s.s. með myndum.
10. Við lok leigutímans skilar þjónustukaupi hinni leigðu aðstöðu í sama ástandi og hann tók við henni og hættir þá gjaldtaka fyrir hýsinguna.
11. Hafi þjónustukaupi látið niður falla að greiða umsamda leigufjárhæð í 45 daga frá gjalddaga eða lengur er þjónustusala heimilt að undangenginni aðvörun að láta aftengja eða slökkva á búnaði þjónustukaupa og fjarlægja hann á kostnað þjónustukaupa.